

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorphirðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir 56.440 kr.

Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun 24.540 kr.

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum með sömu gjalddaga.

Gjalddagar eru átta: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m³ af úrgangi), fyrir heimili 10.400 kr. Eitt klippikort er innifalið í árlegu sorpgjaldi á hverja fasteign í sveitarfélaginu.

3. gr.

Á gá mavelli er innheimt eftirfarandi gjald vegna móttöku sorps frá fyrirtækjum og öðrum en klippikorthöfum:

- Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 4.891 og í urðunargjald kr. 5.519 eða samtals kr. 10.410.
- Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 49 kr. og 56 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætast við 4.891 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 5.519 kr. í urðunargjald.
- Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 9. desember 2021 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2022. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit nr. 1480/2020.

Þingeyjarsveit, 9. desember 2021.

Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2022